

Tillaga til 424. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 25. október 2018

Í-listinn leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að opnunartími sundlauga í sveitarfélaginu verði endurskoðaður.

Opnunartími sundlauga var skertur fyrir þónokkrum árum. Það var gert í sparnaðarskyni og vegna þess að aðsókn í sumar laugar var frekar dræm. Nú er tilefni til að endurskoða þá ákvörðun. Íbúum er að fjölga og Ísafjarðarbær orðið heilsueflandi samfélag. Í-listinn leggur áherslu á að samráð verði haft við hverfisráð og starfsmenn íþróttamannvirkja til að meta þörf fyrir lengdan opnunartíma, auk þess að tillagan verði rædd í íþrótt- og tómstundanefnd.